

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 154/2006**

**frá 8. desember 2006**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2006 frá 27. október 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um **sambæfingu** tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 og niðurfellingu **á reglugerð** ráðsins (EBE) nr. 3820/85 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB frá 15. mars 2006 um lágmarksskilyrði fyrir framkvæmd reglugerða ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 varðandi félagsmálalöggjöf er varðar flutningastarfsemi á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 88/599/EBE <sup>(3)</sup>.
- 4) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 561/2006 fellur úr gildi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 <sup>(4)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn, að frátöldum 2. og 4. mgr. 5. gr., en þær falla úr gildi 10. september 2008, og 1. mgr. 5. gr., en hún fellur úr gildi 10. september 2009.
- 5) Af þessum sökum ber að fella reglugerð (EBE) nr. 3820/85 frá 10. september 2009 að telja.
- 6) Samkvæmt tilskipun 2006/22/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 88/599/EBE <sup>(5)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 24d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/15/EB):

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 366, 21.12.2006, bls. 75, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 21.12.2006, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 35.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 370, 31.12.1985, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 325, 29.11.1988, bls. 55.

„24e. **32006 R 0561**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um **sambæfingu** tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 og niðurfellingu **á reglugerð** ráðsins (EBE) nr. 3820/85 (Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 20. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85):

„– **32006 R 0561**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 (Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1).“

3. Texti 20. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85) falli brott frá 10. september 2009 að telja.

4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 21. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85):

„– **32006 R 0561**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 (Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1).“

5. Eftirfarandi undirliður bætist við í áttunda undirlið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2135/98) 21. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85):

„, eins og henni var breytt með:

– **32006 R 0561**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 (Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1).“

6. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 21. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85):

„21a. **32006 L 0022**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB frá 15. mars 2006 um lágmarksskilyrði fyrir framkvæmd reglugerða ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 varðandi félagsmálalöggjöf er varðar flutningastarfsemi á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 88/599/EBE (Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 35).“

7. Texti 23. liðar (tilskipun ráðsins 88/599/EBE) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 561/2006 og tilskipunar 2006/22/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. desember 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2006.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Helen Sletnes***

formaður.